



## Fundargerð hreppsnefndar 14. september 2017

Fundur nr. 66 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 14. september 2017 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Elísa Joensen Creed.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Oddviti leitaði afbrigða frá boðaðri dagskrá til að taka fyrir samkomulag milli Vopnafjarðarhrepps og Veiðifélags Selár um afhendingu vatns til veiðihússins sem lið 2c á dagskrá. Samhljóða samþykkt.

### Dagskrá:

#### 1. 1. Fundargerðir:

a) 156. fundar Félagsmálanefndar

Lagt fram til kynningar.

b) 852. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Sveitarstjórn tekur undir 10. lið í fundargerð um stöðu sauðfjárþænda. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) 396. fundar Hafnarsambandsins

Lagt fram til kynningar.

d) 12. fundar stjórnar SSA

Lagt fram til kynningar.

e) 3. fundar um gerð sameiginlegrar húsnæðisáætlunar fyrir Austurland

Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir stöðu máls og svaraði framkomnum fyrirspurnum en fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) 136. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands

Lagt fram til kynningar.

## 1. 2. Almenn mál:

a) Samningur milli Vopnafjarðarhrepps og Minjasafnsins á Bustarfelli um stuðning við rekstur safnsins

Samningurinn borinn upp til samþykktar og hann samhljóða samþykktur.

b) Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2017

Samhljóða samþykkt að til ráðstefnunar fari 4 fulltrúar á vegum Vopnafjarðarhrepps.

c) Samkomulag milli Vopnafjarðarhrepps og Veiðifélags Selár um afhendingu vatns til veiðihússins.

Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir málinu og fram fór umræða um það. Samkomulagið síðan borið upp til atkvæða og það samhljóða samþykkt.

## 1. 3. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a) Búfesti hsf

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 17:00.

[Fylgigögn fundar 140917.pdf](#)

[Samningur milli Vopnafjarðarhrepps og Veiðifélags Selár 2017.pdf](#)